
379. Kolbeinn Óttarsson Proppé (Innlæg)

Forseti. Við í norrænum vinstri grænum styðjum þessa tillögu þar sem hún gengur út á það að huga að fiskeldi fyrst og fremst út frá hugmyndafræði sjálfbærni, baráttu gegn loftslagsvá og kolefnisjöfnun. Ég tel mjög mikilvægt að við mótum sameiginlega stefnu og reynum að læra hvert af öðru þegar að þessum málum kemur, ég tala nú ekki um bláa hagkerfið sem ég held að sé gríðarlega mikilvægt og sérstaklega fyrir þær þjóðir innan Norðurlandaráðs sem byggja hvað mest á sjávarútvegi og sambýli við sjóinn. Við á Íslandi höfum nýverið farið í gegnum endurskoðun á regluverki sem lýtur að fiskeldi. Þar horfðum við til reynslu Norðmanna, bæði þess sem vel er gert þar en líka þess sem mistekist hefur. Þannig fórum við eftir þessari hugmyndafræði, sem hér er kynnt, að við lærum hvert af öðru og getum mótað okkur sameiginlega stefnu á Norðurlöndunum.

Forseti. Heimurinn er að leita sér að leið til að framleiða matvöru, nálgast prótein, á einhvern hátt sem minnst kolefni losar. Hvar sem okkur ber niður í heiminum er það verkefnið. Þess vegna er mjög mikilvægt, þegar horft er til framleiðslu eins og fiskeldis, að þar ráði loftslagsmarkmið för. Bláa hagkerfið, forseti, er líka eitthvað sem ég held að við í þessum sal og í fleiri nefndum þurfum að ræða okkur betur í gegnum. Þetta er hugtak sem er að verða æ meira áberandi í umræðunni og er eitthvað sem við í Norðurlandaráði eigum að halda mjög á lofti.

Skandinavisk oversættelse:

Ärade president. Vi i Nordisk grön vänster ställer oss bakom detta förslag eftersom det går ut på att vattenbruk först och främst ska bedrivas på basis av principer som hållbarhet, bekämpning av klimathot och

koldioxidneutralisering. Enligt min mening är det mycket viktigt att vi utarbetar en gemensam strategi och försöker lära av varandra när det gäller dessa frågor, inte minst vad angår den blå ekonomin som jag tror är enormt viktig, särskilt för de länder inom Nordiska rådet som bygger mest på fiskeri och närheten till havet. På Island har vi nyss sett över regelverket för vattenbruk. I det sammanhanget tog vi del av norrmännens erfarenheter, både det som har fungerat bra och det som har varit misslyckat. Vi tillämpade alltså de principer som framförs här, att vi bör lära av varandra och att vi kan formulera en gemensam nordisk strategi.

Ärade president. Världen letar efter lösningar som gör det möjligt att producera matvaror, få tillgång till protein, med så små koldioxidutsläpp som möjligt. Överallt i världen är detta uppgiften. Därför är det mycket viktigt, i förbindelse med en typ av produktion som vattenbruk, att strategin bestäms av klimatmål. Den blå ekonomin, ärade president, är också något som jag tror att vi i denna sal och i andra utskott får lov att diskutera i mer detalj. Det handlar om ett begrepp som blir allt mer synligt i all debatt och som vi i Nordiska rådet bör lyfta fram.

Information

Talnummer

379

Type

Indlæg

Person

[Kolbeinn Óttarsson Proppé](#)

Talerrolle

Nordisk Grønt Venstres talsperson

Dato

31.10.19 11:01

Sag

[Medlemsforslag om Norden som ledende innen bærekraftig havbruk og havøkonomi](#)